

Umsögn um frumvarp til laga um erfðafjárskatt: Mál 10. 149. löggjafarþing

Helgi Tómasson
Prófessor í hagrannsóknnum og tölfræði
Háskóla Íslands
4.10.2018

Þetta frumvarp gengur út á að viðhalda óheppilegu kerfi þar sem metnar eignir mynda skattstofn. Metnar eignir eru hæginn skattstofn. Til dæmis má nefna dæmi þar sem fenginn var matsmaður til að meta höfundarrétt Nóbelsverðlaunahafa. Matið kostaði á milli 1 og 2 milljónir og var niðurstaða matsmannsins að höfundarrétturinn væri 30 milljóna virði og erfingjum bæri því að borga skatt samstundis af þessum 30 milljónum. Höfundarrétturinn var ekki seljanlegur og tekjuflæði óviss. Tekjur hefðu orðið skattskyldar ef þær hefðu komið og því um tvísköttun að ef bæði áætlaðar tekjur og raunverulegar tekjur eru skattlagðar. Metin erfðafjárverðmæti eru augljóslega óviss og óheppilegur skattstofn.

Mjög mörg nágrannalönd hafa nú afnumið erfðafjárskatt. Meira að segja Norðmenn (mjög hægengir í skattaumbótum) afnámu hann 2014. Svíar og Danir hafa afnumið erfðafjárskatt en í Danmörku myndar dánarbúið einhvers konar sameignarfélag og skattleggst sem slíkt.

Víti til varnaðar er Spánn. Þar í landi er mjög flókið og ógagnsætt kerfi sem er margþrepaskipt. Þrepin fara eftir því hver erfir, hvar viðkomandi býr, hvaða tekjur erfinginn hefur, o.s.frv. Svíinn Fredrick Carlgren veitir ráðgjöf um það hvernig eigi að skipuleggja sín fjármál til að verjast spænskum erfðafjársköttum. Hann og hans líkar veittu sömuleiðis ráðgjöf hvernig (Svíar sem t.d. vildu flytja til Frakklands) ætti að víkja sér undan auðlegðarskattinum illræmda í Frakklandi á meðan hann var og hét (síðasta land Evrópubandalagsins með þannig skatt). Margir auðugir Frakkar höfðu úrræði á takteinum til að víkja sér undan þessari skattheimtu. Skatturinn lagðist þyngst á varnarlitla tekjulága einstaklinga sem fengu áætlaðar á sig miklar eignir, t.d. land sem fékk á sig hækkað mat. Mitt mat er að um það bil 10 lönd í Evrópu séu enn með erfðafjárskatt og fari fækkandi. Í þeim löndum er útbreiddur skilningur á vandanum en það er pólitískt mjög erfitt að afnema svona skatta. Mennta liggja undir ámæli um að vera að tapa tekjum ríkissjóðs hygla hinum ríku o.s.frv.

Fyrir utan slæma eiginleika skattstofna af þessari gerð eru þeir óskilvirkir. Það þarf marga menn til að meta skattstofninn og marga sérfræðiráðgjafa á háum launum til að hjálpa fólki að borga sem minnstan skatt. Fredrick Carlgren segir að síðasta ár auðlegðarskatts í Svíþjóð hafi hann verið af stærðargráðunni 0.5-1% af tekjum hins opinbera og virðisaukinn fyrir sænska ríkið sennilega neikvæður vegna þess hve umsýslan um skattheimtuna var mikil og þeirra hliðaráhrifa að auðugir Svíar með háar tekjur fluttu úr landi og borguðu því ekki tekjuskatt í Svíþjóð og minni virðisaukaskatt en ella.

Ég er ekki læs á þýsku en mér hefur verið bent á að þýskur stjórnlagadómstóll hafi ályktað 1994 að eignaskattar samræmdust ekki eignarréttarákvæðum í stjórnarskrá. Samræmast svona skattar eignarréttarákvæði íslensku stjórnarskrárinnar? Ef menn telja það þá tel ég að skerpa þurfi á eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.

Erfðafjárskattinn þarf að afnema eins hratt og kostur er. Ég legg til að frumvarpinu verði breytt í samræmi við slíkt markmið.